

UPPBYGGINGARSJÓÐUR VESTFJARÐA

Umsóknarfrestur til
2. nóvember kl. 16:00



SÓKNARÁÆTLUN
VESTFJARÐA

Uppbyggingarsjóður er samkeppnissjóður sem styrkir valin verkefni sem falla að Sóknaráætlun Vestfjarða en Sóknaráætlun Vestfjarða er sértæk byggðaaætlun fyrir Vestfirði.

Vestfjarðastofa fyrir hönd Fjórðungssambands Vestfirðinga fer með umsýslu sjóðsins.


Veittir eru styrkir í þremur flokkum:

- ✓ Verkefnastyrkir í flokki menningar
- ✓ Verkefnastyrkir í flokki atvinnuþróunar og nýsköpunar
- ✓ Stofn- og rekstrarstyrkir til menningarstofnana

Verkefni sem eiga kost á styrk úr Uppbyggingarsjóði:

Styrkbær verkefni geta verið verkefni sem efla listir og menningu eða nýsköpun og atvinnuþróun á svæðinu. Þau geta snúið að fjölgun atvinnutækifæra og gjaldeyrissköpun. Þá geta þau verið til þess fallin að auka fagmennsku á sviði lista og menningar, stuðlað að vöruþróun og gæðum hönnunar eða stutt við eflingu menningartengdrar ferðaþjónustu.

Sæktu um á vestfirdir.is/uppbyggingarsjodur





SÓKNARÁÆTLUN
VESTFJARÐA

Áherslur Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða árið 2024 eru á:

- ✓ Verkefni sem efla samstarf á milli svæða á Vestfjörðum
- ✓ Verkefni sem byggja á sérkennum Vestfjarða
- ✓ Verkefni með áherslu á hringrásarhagkerfið eða orkuskipti
- ✓ Verkefni sem auka tengsl menningar og atvinnulífs
- ✓ Verkefni sem auka þátttöku almennings í menningar- og félagsstarfi
- ✓ Verkefni sem stuðla að því að lengja ferðamannatímabilið
- ✓ Verkefni sem hyggjast sækja um í alþjóðlega samkeppnissjóði
- ✓ Verkefni sem auka veg fjölmenningsfélagsins á Vestfjörðum

Á vefnum vestfirdir.is/uppbyggingarsjodur má finna allt um úthlutunarreglur og aðrar upplýsingar – eins og hvað Uppbyggingarsjóður styrkir ekki.





SÓKNARÁÆTLUN
VESTFJARÐA

VINNUSTOFUR

Vinnustofur um gerð umsókna verða haldnar sem hér segir

Þriðjudaginn 24. október kl. 16:00-18:00

✓ Hnyðju, Hólmavík

Miðvikudaginn 25. október kl. 16:00-18:00

✓ Ólafshúsi, Patreksfirði

Fimmtudaginn 26. október kl. 16:00-18:00

✓ Vestfjarðastofu, Ísafirði

Finna má leiðbeiningar um gerð styrkumsókna á
vestfirdir.is/uppbyggingarsjodur





SÓKNARÁÆTLUN
VESTFJARÐA

Hugmyndasmiðir - menningarvitar - nýsköpunargúrúar

Þarftu ráðgjöf vegna styrkumsóknar eða gengur þú um með hugmynd sem þú nærð ekki alveg að fullmóta?

Starfsfólk Vestfjarðastofu er boðið og búið að veita ráðgjöf við gerð umsókna, taka snúning á mótun hugmynda, auk þess að veita almenna atvinnuráðgjöf.

Frekari upplýsingar á vestfirdir.is

Starfsmenn Vestfjarðastofu veita ráðgjöf við styrkumsóknir á almennum skrifstofutíma:

Guðrún Anna Finnbogadóttir	gudrunanna@vestfirdir.is	450 6605
Magnea Garðarsdóttir	magnea@vestfirdir.is	450 6607
Sigurður Líndal	sigurdurl@vestfirdir.is	450 6610
Skúli Gautason	skuli@vestfirdir.is	450 6611
Þórkatla Soffía Ólafsdóttir	thorkatla@vestfirdir.is	450 6612
Steinunn Ása Sigurðardóttir	steinunn@vestfirdir.is	450 6614
Anna Sigríður Ólafsdóttir	annska@vestfirdir.is	450 6602
Magnús Bjarnason	magnus@vestfirdir.is	450 6606





SÓKNARÁÆTLUN
VESTFJARÐA

Fyrirmyndarverkefni Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða 2022

Vitalína Kertahússins

Í Vitalínu Kertahússins var hönnuð ný vörulína kerta sem steypt eru í líki átta mismunandi vita víðsvegar á Íslandi. Markmið verkefnisins var að auka vöruframboð Kertahússins og skapa fjölbreytt störf við hönnun og framleiðslu.

Vitakertin koma í tveimur stærðum og hluti verkefnisins laut að því að hanna útlit og umbúðir vörulínunnar. Þá var gerður bæklingur þar sem saga vitanna er rakin og fjallað um hönnun og staðsetningu þeirra. Vitakertin eru hugsuð sem falleg gjafavara sem upphefur vestfirska framleiðslu og nýsköpun. Vitalínan hefur verið markaðssett á landsvísu.

Eigandi Kertahússins og forsvarsmaður verkefnisins er Sædis Ólöf Þórsdóttir. Þau í Kertahúsinu hafa haft í nægu að snúast því til viðbótar við þessa fallegu, logandi vita hafa þau einnig opnað gestastofu í Aðalstræti 22 á Ísafirði. Þar gefst gestum og gangandi kostur á að sjá hvernig kertin eru framleidd auk þess sem hægt er að búa til sín eigin kerti.



Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri bygðamála og Sædis Ólöf Þórsdóttir.



Vitalína Kertahússins.



SÓKNARÁÆTLUN
VESTFJARÐA

Á hverju ári eru fyrirmyndarverkefni valin úr þeim verkefnum sem hlutu styrk úr Uppbyggingarsjóði. Fyrirmyndarverkefni eru þau sem talin eru hafa heppnast sérlega vel og hafa verið unnin af heilindum og ástríðu. Í ár hlutu tvö verkefni þessa heiðursnafnbót.

Alþjóðleg píanóhátíð á Vestfjörðum

Alþjóðlega píanóhátíðin á Vestfjörðum var stofnuð af bandaríska píanóleikaranum Andrew J. Yang, tónlistarkennara á Patreksfirði. Hátíðin er afar metnaðarfull og er þar allt kapp lagt á að bjóða upp á píanóleik í hæsta gæðaflokki. Árlega er henni ætlað að bjóða upp á spennandi dagskrá píanóleikara sem hafa einstaka listræna sýn. Á hátíðinni eru líka haldin meistaranámskeið fyrir nemendur í samfélaginu sem lýkur með nemendatónleikum.

Á upphafsárinu 2022 var boðið upp tónleika og námskeið með Peter Toth, sem er stórt nafn í heimi píanista, ásamt tónleikum með stofnanda hátíðarinnar Andrew J. Yang. Hátíðin var aftur haldin síðastliðið sumar á Patreksfirði. Listamennirnir sem tóku þátt í ár voru Antoinette Perry frá Bandaríkjunum, hin íslenska Nína Margrét Grímsdóttir, M.H. Park frá Suður-Kóreu ásamt Andrew J. Yang. Alþjóðlega píanóhátíðin á Vestfjörðum er metnaðarfullt og vel heppnað menningarverkefni.



Skúli Gautason, menningarfulltrúi og Andrew J. Yang.



Nemendur Tónlistarskóla Vesturbyggðar tóku þátt í hátíðinni.



SÓKNARÁÆTLUN VESTFJARÐA



Vestfjardastofa

Suðurgata 12 – 400 Ísafjörður – s. 450 6600
Ábm. Aðalsteinn Óskarsson.
Umbrot og prentun: Pixel ehf./GBG

Sæktu um á vestfirdir.is/uppbyggingarsjodur